

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Margrjetar Valdemarsdóttur«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 27. okt. 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Margrjetar Valdemarsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Margrjetar Valdemarsdóttur«.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 335 krónum sem höfuðstól í minningu frú Margrjetar sál. Valdemarsdóttur leikkonu á Akureyri, í því skyni að efla leiklist í Akureyrarkaupstað og þá sjerstaklega að styrkja efnilega leikendur til að afla sjer þekkingar í þeirri íþrótt.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

Ársvexti af sjóðnum, ásamt gjöfum, áheitum og öðru, er honum kann að áskotnast, skal lagt við höfuðstóllinn, þartil hann er orðinn 1500 kr. En úr því má verja hálfum árlegum vöxtum til eflingar leiklist í Akureyrarkaupstað. En þegar sjóðurinn er orðinn 4000 krónur, má verja $\frac{9}{10}$ hlutum vaxtanna í sama tilgangi.

Nú vill stjórnin veita hærri styrk í einu en því nemur, sem verja má af eins árs vöxtum sjóðsins, og getur hún þá dregið það saman fyrir fleiri ár en eitt

4. gr.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar skal hafa alla stjórn sjóðsins á hendi fyrst um sinn. En verði stofnað leikfjélag í Akureyrarkaupstað með föstu skipulagi og lögum, getur bæjarstjórnin afhent því stjórn sjóðsins. En skylt er fjelaginu að leggja fyrir bæjarstjórn til endurskoðunar og samþykta árlega reikninga yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 25. júní 1915.

Páll Jónsson. Guðbjörn Björnsson.